



Rétt handan við hornið

Í verkefninu skoða nemendur hvernig mannréttindi birtast í daglegu lífi.

Markmið:

1. Að nemendur öðlist skilning á því hvernig mannréttindi eru órjúfanlegur hluti daglegs lífs
2. Að nemendur kynni sér Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, geti rætt hana við samnemendur og greint út frá götummynd þau réttindi sem fólk nýtur, réttindi sem fólki er neitað um og réttindi sem fólk krefst.

1

UNDIRBÚNINGUR

Eintök af styttri útgáfu Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og myndinni *Rétt handan við hornið* (sjá fylgiskjöl), límmiðar (20 stk. fyrir hóp).

2

KVEIKJA

Myndinni *Rétt handan við hornið* er varpað upp á skjá. Útskýrt er fyrir nemendum að myndin sýni daglegt líf og mannréttindi, að á henni sé fólk sem njóti réttinda, fólk sem er neitað um réttindi og fólk sem krefst réttinda sinna. Nemendum er síðan sagt að setja sig í spor mannréttindaspæjara og eftirfarandi spurningum er varpað til nemenda til að hefja umræðu:

- Hverju takið þið eftir á myndinni?
- Hvar gæti þessi gata verið?
- Er eitthvað á myndinni sem kemur ykkur á óvart? Ef já, þá hvað og af hverju?
- Hvers konar fjölskylda gæti staðið við skólann?
- Hvað er í gangi fyrir utan sjoppuna? Takið eftir stráknum sem hleypur í burtu og konunni sem stendur í dyrunum.
- Hvernig tengjast byggingarnar í götunni mannréttindum?
- Hvað er stelpa við póstkassann að gera?

3

FRAMKVÆMD VERKEFNIS

1. Að loknum umræðum er bekknum skipt upp í 4-5 manna hópa. Allir hópar fá eintak af myndinni *Rétt handan við hornið* eða myndin á skjávarpanum nýtt. Þá fá allir hópar stytta útgáfu af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og límmiða í þremur litum.
2. Hóparnir eiga nú að skoða myndina og finna aðstæður/atburði sem tengjast mannréttindum. Nemendur þurfa að merkja aðstæðurnar með viðeigandi límmiðum:
 - Gulur límmiði = Réttindi sem fólki er neitað um
 - Bleikur límmiði = Réttindi sem fólk nýtur
 - Grænn límmiði = Réttindi sem fólk krefst
3. Á hvern límmiða eiga nemendur að skrifa númer þeirrar greinar Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem við á. Athugið að stundum geta fleiri en ein grein átt við. Það eru að minnsta kosti 30 mismunandi aðstæður/atburðir á myndinni sem tengjast mannréttindum.
4. Ef æfingin er gerð með yngri börnum, nú eða til að spara tíma, er hægt að framkvæma þessa æfingu munnlega með öllum hópnum. Nemendur fá þá eintak af Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, lesa yfir hana og bera svo saman við myndina *Rétt handan við hornið*.
5. Einnig er hægt að nota Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stað Mannréttindayfirlýsingarinnar en greinar hans má einnig finna á myndinni.

4

ÍGRUNDUN

Eftir þessa æfingu er tilvalið að allur bekkurinn beri saman bækur sínar og að hóparnir ræði atriði sem eru ólík þeirra á milli og jafnvel túlkuð á mismunandi hátt. Sem dæmi, er heimilisláusi maðurinn að krefjast þess að réttindi hans um aðgang að húskjól og mat séu virt? Er hann að nýta rétt sinn til að mótmæla málefnum heimilisláusra eða er heimilisleysi hans afleiðing þess að honum er neitað um ákveðin mannréttindi? Þá er hægt að ræða hvort eitthvað vanti á myndina.